

Eyðibýli á Íslandi, menningarlegt vægi, varðveisla og nýting

Í sveitum landsins er fjöldi eyðibýla og yfirgefna íbúðarhúsa sem mörg hver eru vel byggð og geyma merka sögu. Markmið verkefnisins Eyðibýli á Íslandi er að rannsaka og skrá umfang og menningarlegt vægi eyðibýla og annarra yfirgefna íbúðarhúsa í sveitum landsins. Jafnframt að stuðla að björgun áhugaverðra og byggingarsögulega mikilvægra húsa, m.a. með endurgerð og nýtingu í ferðaþjónustu. Nú, að verkefninu loknu, liggur fyrir verðmætur þekkingargrunnur um búsetu og líf Íslendinga fyrr á tímum.

Fyrstu skref verkefnisins voru tekin sumarið 2011 þegar rannsókn fór fram á eyðibýlum og yfirgefnum húsum á Suðurlandi. Afraksturinn var heildstætt yfirlit um 103 yfirgefinn hús sem kom út í veglegu riti, Eyðibýli á Íslandi, 1. bindi. Sumarið 2012 náði rannsóknin yfir tvo landshluta, Norðurland eystra og Vesturland. Þá voru skráð 236 hús og gefin út tvö hefti af ritinu, 2. og 3. bindi. Sumarið 2013 náði rannsóknin til Vestfjarða annars vegar og Norðurlands vestra hins vegar. Þá voru 217 hús rannsökuð og gefin út tvö hefti, 4. og 5. bindi. Rannsókninni lauk sumarið 2014 þegar hús í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu voru rannsökuð auk húsa í Árnessýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Vestmannaeyjum, alls 84 hús. Út komu 6. og 7. bindi. Í viðauka síðasta bindisins, 7. bindis, er auk þess fjallað um 4 hús. Rannsóknin í heild sinni nær því alls til 748 húsa.

Hugtakið eyðibýli er hér notað í nokkuð þröngum skilningi. Rannsókn nær til yfirgefna íbúðarhúsa í sveitum landsins sem ekki hafa verið tekin til annarra nota. Þau skilyrði eru gefin að húsið hafi a.m.k. fjóra uppstandandi útvaggi. Húsin þurfa ekki endilega að standa á eyðijörð heldur geta þau staðið á jörð í búnytjum. Eyðibýli geta haft mikla þýðingu af ýmsum ástæðum. Þau geta verið merkar menningarminjar og mikilvægar heimildir um byggðasögu. Aldur húsanna, húsagerð eða byggingarlag þeirra getur verið sérstakt en einnig er sérstaða húsanna í búsetulandslagi sveitanna oft mikil.

Markmið verkefnisins er að meta menningarlegt vægi einstakra húsa og varðveita þannig valin yfirgefinn hús á Íslandi. Í framhaldinu að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að eyðibýli og yfirgefinn hús í sveitum landsins verði gerð upp af eigendum þeirra og/eða stofnað félag um rekstur og útleigu þeirra í ferðaþjónustu. Verkefnið var tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands, Menningarverðlauna DV og Hvatningarverðlauna iðnaðarráðherra árið 2011. Í febrúar 2015 hlaut verkefnið svo sérstök heiðursverðlaun Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum að viðstöddum forseta Íslands, stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna og ýmsum gestum.

Ritröðin Eyðibýli á Íslandi nær nú yfir öll yfirgefinn íbúðarhús í sveitum landsins sem falla undir áðurgreinda skilgreiningu á hugtakinu eyðibýli. Verkefnið er unnið að frumkvæði og í samstarfi við Glámu Kím arkitektastofu, R3-Ráðgjöf ehf. og Stapa-Jarðfræðistofu. Fjölmarginir hafa stutt við verkefnið og hafa m.a. eftirtaldir aðilar veitt því fjárhagslega styrki:

- Nýsköpunarsjóður námsmanna.
- Kvískerjasjóður.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Minjastofnun Íslands.

- Landsbankinn.
- Sveitarfélög, fyrirtæki og sjóðir.

Eyðibýli - áhugamannafélag var stofnað í júní 2011. Það stendur fyrir rannsóknarverkefninu Eyðibýli á Íslandi. Aðalhvatamenn félagsins og aðstandendur verkefnisins eru eftirtalin þrjú fyrirtæki og einstaklingar innan þeirra:

R3-Ráðgjöf ehf.

- Gísli Sverrir Árnason menningar- og stjórnsýsluráðgjafi.
- Garðar Jónsson stjórnunar- og rekstrarráðgjafi.
- Tryggvi Árnason markaðs- og rekstrarráðgjafi.

Gláma-Kím arkitektar

- Árni Kjartansson arkitekt og verkfræðingur.
- Sigbjörn Kjartansson arkitekt og jarðeðlisfræðingur.

Stapi – jarðfræðistofa

- Ómar Bjarki Smárason jarðfræðingur.

Verkefnisstjórar:

Sigbjörn Kjartansson arkitekt Glámu-Kími. Netfang: sigbjorn@glamakim.is.

Gísli Sverrir Árnason menningarráðgjafi R3-Ráðgjöf. Netfang: gislisv@r3.is.

15.11.2018 GSÁ

